

## **18. Frumvarp**

til laga um rjett til fiskiveiða í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1922).

1. gr.

Fiskiveiðar í landhelgi við Ísland mega islenskir ríkisborgarar einir reka, og má að eins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna.

2. gr.

Það er í lögum þessum kallað íslenskir bátar og skip, er íslenskir ríkisborgarar einir eiga.

3. gr.

Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskiveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sjer undan stormi og óveðri. Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi.

Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenskum ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land, til þess þar að verka hana.

#### 4. gr.

Hvenær sem erlent fiskiskip leitar hafnar á Íslandi, skal skipstjóri þegar í stað eða svo fljótt sem unt er og í síðasta lagi innan 24 klukkustunda eftir að skipið hefir hafnað sig, gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umbodsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður skal athuga skips-skjölin og hafa nánar gætur á því að ekki sjeu brotin lög landsins um fiskiveiðar, verslun, tolla eða sóttvarnir, eða skipin fari í kringum þau lög, enda hefja rannsókn um þau efni, ef þörf gerist.

Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum. Síðan skal rita á skipshafnar-skrá skipsins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds.

Er hreppstjóri framkvæmir skoðunina vegna lögreglustjóra skal skifta gjaldinu jafnt milli þeirra.

#### 5. gr.

Er erlend sildveiðaskip eru í landhelgi, skulu þau hafa bátana á þilfari á venjulegum stað, og vörpur eða nætur innanborðs, þó ekki í bátunum.

#### 6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur um eitt ár í senn veitt eiganda íslensks fiskiskips leyfi til að hafa erlenda veiðimenn við fiskiveiðarnar eða á annan hátt til aðstoðar. Þó þannig, að helmingur skipshafnar að minsta kosti sje íslensk.

Er íslenskur bátur eða skip einungis er notað við sildveiðar, má alt að helmingi áhafnar án sjerstaks leyfis, vera útlendingar.

#### 7. gr.

Bæði útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því að skipshöfn fullnægi skilyrðunum til þess að reka fiskiveiðar samkvæmt 1. gr., sbr. 6. gr.

#### 8. gr.

Sama rjett sem íslenskir ríkisborgarar og með sömu skilyrðum hafa þeir ríkisborgarar annara ríkja, sem með vottorði frá valdsmanni færa sönnur á, að þeir hafi haft fast aðsetur hjer í landi í 12 mánuði áður en lög þessi komu í gildi. Ennfremnr getur atvinnumálaráðherra um 3 ára bil frá því er lög þessi koma í gildi, veitt þeim útlendingum, sem eiga fiskverkunarstöðvar hjer á landi, leyfi til að verka fisk á stöðvum þessum, þrátt fyrir bannið í síðari málsgrein 3. greinar. Leyfið veitir ekki heimild til fiskiveiða í landhelgi eða til þess að nota erlend skip í bága við lög þessi.

#### 9. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess að eigendur sildaroliu- eða sildarmjölsmiðju eða slíkra verksmiðja megi nota erlend skip til þess að

fiska fyrir verksmiðjur þessar til eiginna nota, þrátt fyrir bannið i annari málsgrein 3. greinar. Í leyfinu, sem veita skal fyrir 2 ár i senn, ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskiveiða eða fiskverkunar i landhelgi, og ennfremur skal tekið fram, að leyfið falli burtu, ef skilyrði þess sje eigi haldin i öllum greinum.

#### 10. gr.

Þegar skip, er rjett hefir til fiskiveiða i landhelgi, er haft til fiskverkunar, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging, er hann ákveður, fyrir afgangnum, sem skipið kann að eiga að greiða. Skipstjóri skal fá vottorð um, að tryggingin sje sett, og sýna ef krafist er.

#### 11. gr.

Hlutfjelög hafa því að eins rjett til að reka fiskiveiðar og fiskverkun i landhelgi, að alt hlutfjedi sje eign, islenskra rikisborgara. Þó mega hlutfjelög, er rikisborgarar annara rikja eiga hlut i, reka fiskiveiðar i landhelgi, ef meira en helmingur hlutfjárins er eign islenskra rikisborgara, fjelagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð islenskum rikisborgurum og sje helmingur þeirra búsettur þar.

Áður en hlutfjelag byrjar starfsemi sina skulu samþyktir þess sýndar lögreglustjóra á þeim stað, þar er fjelagið á heima, eða eigi fjelagið ekki heimilisfang á Íslandi, þá á þeim stað þar er fiskiveiðarnar byrja. Breyting á samþyktnum skal á sama hátt sýna lögreglustjóra. Þessi tilkynning og sýning leysir ekki viðkomanda frá tilkynningarskyldu samkvæmt hlutfjelagslögnum. Samþyktirnar skulu meðal annars hafa inni að halda það ákvæði, að allir hlutir skuli skráðir á nafn, og að engin afhending eða afsal á hlutum sje gild, nema hún sje skriflega tilkynt fjelagsstjórn, er jafnóðum skal rita og ávalt hafa skrá yfir alla hluthafa, þar er þess er getið, hve mikið hver eigi af hlutfjenu. Lögreglustjóri skal gæta þess, að samþyktirnar sjeu samkvæmar löggjöfni.

#### 12. gr.

Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt rjettindi þau, er samkvæmt sambandslögnum eru veitt dönskum rikisborgurum, eða þau rjettindi, sem samkvæmt rikjasamningum kynnu að vera veitt öðrum.

#### 13. gr.

Ólöglegar fiskiveiðar eða fiskverkun á islenskum höfnum, á landi eða i landhelgi, varðar sektum frá 100—5000 kr.

Óheimil notkun erlendra sjómanna á islenskum fiskiskipum varðar 50—1000 kr. sektum. Brot gegn 4. gr. laga varða sektum 50—500 kr.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða 100—2000 kr. sektum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskiveiðar i landhelgi 200—10.000 kr. sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og hin ólöglega eða óverkaða veiði skipsins og andvirðið renna i rikissjóð. Ef miklar sakir eru, má ákveða að öll veiði, sem i skipinu er, sje upptæk, svo og umbúðir ef veiðin er sild, sem söltuð er i tunnur.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum, má leggja hald á viðkomandi skip ef með þarf og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renna í rikissjóð.

#### 11. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. maí 1922. Með lögum þessum eru feld úr gildi tilskipun 12. febr. 1872, lög nr. 28, 17. desbr. 1875, um breyting á þessari tilskipun, lög nr. 35, 27. septbr. 1901, um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, lög nr. 10, 31. júlí 1907, um breyting á frammanfndum lögum, lög nr. 27, 11. júlí 1911, um breyting á sömu lögum.

#### Ástæður fyrir frumvarpinu.

Ákvæðin um takmarkanir á heimild erlendra manna til fiskiveiða í sjónum kringum strendur Íslands eru aðallega í tilsk. 12. febr. 1872 og um hlutafjelög í lögum 27. sept. 1901. Lagaákvæðum þessum hefir þó verið breytt með ýmsum viðaukaákvæðum, sbr. lög 17. des. 1875 um breytingu á tilsk. 12. febr. 1872 og lögum 31. júní 1907 og 11. júlí 1911 um viðauka við og breytingu á greindum lögum.

Stjórnin hefir álitid tímabært að gera tillögu um að draga ákvæði þessi saman í eina heild og endurskoða þau með tilliti til breytinga þeirra og framfara, sem orðið hafa á fiskiveiðasviðinu síðasta mannsaldurinn.

Samkvæmt tilsk. 1872 voru fiskiveiðar innan landhelgi aðeins heimilaðar þegnum Danakonungs: samkvæmt 2. gr. var skýlaust bann lagt við því, að útlendingar flyttu fisk, sem veiddur var utan landhelgi, á land á Íslandi til verkunar í landi. Með mörgum ákvörðunum og úrskurðum umboðsstjórnarinnar hafa lagaákvæði þessi, alt frá því er gefin var tilsk. 1872, verið skýrð svo, að þau ákvæði laganna, sem banna útlendingum veiðar innan landhelgi, feli einnig í sjer bann við verkun veiðarinnar innan landhelgi; þessari skýringu var haldið eindregið fram, einnig um hvalveiðar útlendinga, en um sildveiðar hefir henni seinni árin ekki verið framfylgt stranglega.

Meginreglan í löggjöf þessari hefir þannig verið að áskilja Íslendingum einum rjett til fiskiveiða innan landhelgi; en í einu mikilsverðu atriði er hún þó vægari í garð útlendinga en þekkist í löggjöf annara þjóða, þ. e. að því leyti sem fiskiveiðarjetturinn innan landhelgi er bundinn við þegnskapinn, án þess að krafist sé ríkisborgararjettar og án þess að í fiskiveiðalöggjöfinni eða annarsstaðar hafi verið krafist búsetu um lengra tímabil til þess að öðlast þegnryett þann, sem þarf til að eiga rjett til fiskiveiða. Þetta ástand hefir orsakað, að oft hefir verið mjög erfitt að hafa eftirlit með og framfylgja banninu gegn fiskiveiðum útlendinga, og fyrirkomulagið er yfirleitt óeðlilegt, sjerstaklega eftir að ríkisborgararjettinum hefir verið skipað með lögum.

Í því efni skal bent á, að samkvæmt dönskum lögum um fiskiveiðar í sjó, 2. júní 1917, eru fiskiveiðar innan landhelgi við Danmörku heimilaðar þeim einum, sem hafa rjett innborinna manna eða hafa haft fast aðsetur í landinu síðustu tvö árin. Samkvæmt norskum lögum um fiskiveiðar í sjó við Finnörku

3. ágúst 1897 ásamt viðauka síðar, eru fiskveiðar við Finnmörku heimilaðar norskum ríkisborgurum einum.

Um þetta meginatriði lítur stjórnin svo á, að gera beri þær umbætur á löggjöfnni, að hjer eftir skuli íslenskur ríkisborgararjettur vera skilyrði fyrir því að mega reka fiskveiðar innan landhelgi og verka aflann þar eða á landi. Um þjóðernisskilyrði, bæði þeirra er veiðina stunda og farartækjanna, er lagt til að fylgja fyrirmynd greindra ákvæða í norskum lögum og krefjast þess meðal annars eins og þar, að förin sjeu að öllu eign íslenskra ríkisborgara.

Stjórnin telur ennfremur æskilegt, að sett sjeu nánari ákvæði um heimild útlendinga til þess að hafa stöð við strendur Íslands, í þeim tilgangi að reka fiskveiðar utan landhelgi. Um þetta eru ákvæðin í 48. gr. fiskveiðalaganna norsku, sbr. norsk Viðaukalög 17. mars 1911, þannig:

»Erlendir fiskveiðamenn, sem fiskveiðar kunna að stunda utan landhelgi, geta leitað skjóls við strendurnar til að hjarga sjer í stormi og óveðri. Annars er erlendum fiskveiðamönnum bannað að hafast við við land eða í höfnum til þess að stunda þaðan fiskveiðar utan landhelgi.«

Stjórnin lítur svo á, að ákvæði þessi, sem gilda um þau fiskveiðasvæði í Nor-egi, sem líkust eru Íslandi, sjeu hentug til fyrirmyndar sem grundvöllur íslenskrar löggjafar um þetta atriði. Samkvæmt ákvæðum þessum verður erlendum skipum ekki heimilt að hafa stöð á höfn eða innan landhelgi til þess að stunda þaðan fiskveiðar utan landhelgi. Það á sjerstaklega við um sildveiðarnar, að reynsla síðari ára hefir sýnt, að nauðsynlegt er, að skýlaust bann sje við því að hafast við innan landhelgi. Án slíks banns er ómögulegt að líta svo eftir, að komi að gagni, að erlend för noti ekki landhelgina til söltunar og annarar verkunar fiskjar (þ. á. m. sildar) í farinu, og komist um leið hjá gjöldum þeim, sem borgarar ríkisins sjálfs verða að inna af hendi. Aftur á móti verður erlendum togurum og öðrum erlendum fiskveiðaförum ekki meinað að leita hafnar til þess að taka kol eða aðrar nauðsynlegar vistir, eða til þess að selja veiði sína, ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar sýni, að farið hefir stöð í íslenskri höfn eða hefst þar við. Hvar draga eigi takmörkin í því efni, verður auðvitað álitamál að nokkru leyti, en þar sem ákvæði þau, sem tilfærð eru að framan, eins og þau eru orðuð, hafa verið notuð í Noregi um langt árabíl, án þess að hafa valdið vandkvæðum, verður að álitast rjett að taka þau í íslensk lög, með sömu orðum, en jafnframt er lagt til, að haldið sje óbreyttu banni því, sem er í tilsk. 1872 gegn því, að útlendingar flytji veiði sína á land til þess að verka hana sjálfir. Banninu gegn því, að erlend fiskveiðaför hafist við innan landhelgi, verður því að framfylgja þannig, að ef slíkt far hittist innan landhelgi, verður það að færa sönnur á, að það sje þar í löglegum erindagerðum, þ. e. a. s. annaðhvort til þess að leita skjóls fyrir stormi eða óveðri eða á siglingu úr höfn eða í af löglegum orsökum.

Um einstök atriði frumvarpsins skal tekið fram það, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Ákvæðin eru samhljóða 1. gr. umræddra norskra laga og herða, eins og áður segir, núgildandi lagaákvæði hjer á landi í mikilsverðu atriði, þar sem hjer eftir er krafist ríkisborgararjettar og ekki aðeins búsetu.

Um 2. gr.

Eins og 2. gr. norsku laganna. Hert er á nógildandi ákvæðum, sumpart með því að krefjast ríkisborgararjettar, sumpart með því að krefjast þess, að skipið sje *algerlega* eign islenskra ríkisborgara.

Um 3. gr.

Fyrri hlutinn er samhljóða samskonar ákvæði í greindum norskum lögum, seinni hlutinn er í samræmi við ákvæði þau hjer á landi, er gilt hafa til þessa, sbr. tilsk. 12. febr. 1872, 2. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðin eru að mestu hin sömu sem í 1. gr. l. 17. des. 1875, þó er lagt til að öll erlend fiskveiðaför, sem leita bafnar á Íslandi, skuli tilkynna komu sína lögreglustjóra eða hreppstjóra, svo að hægt sje að hafa eftirlit með því, að ekki sje brotið bann það gegn því að erlend fiskveiðaför hafist við í höfn hjer á landi, sem sett er í 3. gr. frumvarps þessa. Ákvæðin um ákvörðun afgreiðslugjaldsins er lagt til að sjeu ekki sett í lög þessi, en vísað til aukatekjulaga þeirra, sem í gildi eru á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 27, 27. júní 1921, síðustu málsgrein 54. greinar.

Um 5. gr.

Samhljóða lögum 11. júlí 1911.

Um 6. gr.

Ef fylgt væri stranglega ákvæðum 1. greinar frumvarpsins, mundi ekki hægt að nota neina aðstoð erlendra manna við fiskveiðar á islenskum skipum. Það þykir því rjett, samkvæmt almennri venju í erlendri löggjöf, sbr. t. d. 45. gr. í norsku lögunum, að gerð sje sú ívilnun, að útgerðarmaður geti, með sjerstöku leyfi, notað erlenda menn, þó aldrei svo, að fari fram úr helmingi skipshafnar. Um síldveiðarnar er sjerstaklega lagt til, að nota megi, án sjerstaks leyfis, erlenda skipshöfn alt að helmingi, þar sem álita verður að það sje bæði í þágu útgerðamanna og bænda, að of ströng ákvæði verði þess ekki valdandi að draga óeðlilega margt verkafólk að síldveiðum þann stntta tíma, sem síldveiðarnar standa, um hábjargræðistímann.

Um 8. gr.

Þar sem þess samkvæmt frv. hjer eftir er krafist, að ekki nægi búseta, heldur þurfi ríkisborgararjett til þess að mega stunda fiskveiðar, mundu lögin fela í sjer ákvæði, sem væru ósanngjörn gagnvart þeim, sem treystandi ákvæðum þeim, sem hingað til hafa gilt, hafa búið hjer um sig til að reka fiskveiðar sem atvinnu og tekið hafa sjer fastan bústað hjer á landi, án þess þó að hafa ríkisborgararjett. Í fyrsta hluta 8. greinar eru því sett samskonar bráðabirgðaákvæði sem í 46. gr. norsku laganna. Heimild sú, sem hjer er gefin, er þó takmörkuð við 3 ár, en innan þess tíma geta þeir, sem þess óska, sótt um, að þeim sje veittur ríkisborgararjettur, svo þeir fullnægi skilyrðum laganna.

Á sama hátt er í síðara hluta 8. gr. lagt til, að sett sje bráðabirgðaákvæði, sem geti bætt úr þeirri ósanngirni, sem það gæti verið gagnvart erlendum eigendum fiskverkunarstöðva hjer í landi, ef þeim væri fyrirvaralaust fyrirmunað að nota slíkar stöðvar. Þótt bannað hafi verið í lögum um langt árabíl útlendingum að verka veiði þeirra á stöðvum á landi, mun varla hægt að neita því, sjerstaklega um sildarsöltun, að það hefir komið fyrir, að óátalið hefir verið látið, þótt vikið hafi verið frá þeim ákvæðum.

#### Um 9. gr.

Þar sem verksmiðjur þær, sem vinna sildarlýsi og sildarmjöl, eins og nú er, geta ekki fengið nægilegt efni til starfrækslu verksmiðjanna frá íslenskum skipum eingöngu, þykir rjett að gera þeim mögulegt á þann hátt, sem hjer er lagt til, að nota erlend för til þess að flytja þeim sild, veidda utan landhelgi, umfram það, sem annars er leyft. Með því mæfir, auk tillitsins til fyrirtækjanna sjálfra, sem hjer er um að ræða og ekki keppa við fiskveiðar innlendra manna, tillitið til þess tekjustofns, sem fyrirtæki þessi eru fyrir hið opinbera; en slíkar tekjur hins opinbera þykir varhugavert að skerða að nokkrum mun eins og á stendur. Því má heldur ekki gleyma, að verksmiðjur þessar koma Íslendingum, sem sildveiðar stunda, að gagni, þar sem þær eru svo að segja einu kaupendurnir að sild þeirri, sem metin er óhæf til söltunar af sildarmatsmönnum.

#### Um 10. gr.

Eins og áður segir, verður að leggja mikla áherslu á að aftra því, að landhelgin sje notuð til söltunar eða annarar verkunar á fiski, sem svo er útfluttur þaðan og þannig farið í kring um útflutningsgjaldslögin. Eftirlitsákvæði því, sem hjer ræðir um, verður að sjálfsögðu einnig beitt, ef nota ætti danskt far til fiskverkunar með tilvísun til ákvæða sambandslaganna.

#### Um 11. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við l. 27. sept. 1901, um fiskveiðar hlutafjelaga í landhelgi, þó með breytingu þeirri, sem leiðir af kröfunni um ríkisborgararjett samkvæmt 1. gr. frumvarps þessa.

#### Um 13. gr.

Ákvæðin eru ekki í neinu verulegu frábrugðin reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, sbr. sjerstaklega l. 31. júlí 1907.